

TÓNLIST



JASSHLJÓMSVEIT KONRÁÐS BÉ

Í dag verður sýnd í Hafnarhúsinu upptaka frá tónleikum hljómsveitarinnar á Hótel Borg árið 1990.

Smekkleysubíó í Hafnarhúsinu

Í flög dagskrá verður í dag í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í tilefni af listrænum laugardegi sem efnt er til í miðborginni.

Sýndar verða tvær tónleikavikmyndir í tengslum við sýningu Smekkleysu. Annars vegar

er það tónleikamynd Sykurmolanna Á guðs vegum og hins vegar verður frumsýnd upptaka frá tónleikum Jasshljómsveitar Konráðs Bé á Hótel Borg árið 1990.

Mjög góð aðsókn hefur verið á sýninguna Humar eða frægð –

Smekkleysa í 16 ár, þar sem farið er yfir sögu útgáfufyrirtækisins Smekkleysu.

Í safninu er einnig merkileg sýning á alþjóðlegri samtímalist á Íslandi auk Errósýningarinnar Stríð, sem báðar hafa verið mjög vel sóttar. ■

mælis stofnunarinnar. Að þessu sinni eru verk úr eigu safnsins til sýnis. Sýningin stendur til 4. ágúst.

Bandaríska listakonan **Barbara Cooper** er með sýningu á stórum teikningum í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Listakonan finnur efniviðinn og fær hugmyndirnar að verkum sínum í náttúrunni.

Sýning á **Þjóðlegum listmunum frá Kína** úr einkasafni hr. Wang Shucun var opnuð í **Hafnarborg** 12. júlí sl. Sýningin stendur til 28. júlí.

Jóhannes Dagsson, Auður Sturludóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir eru með sýninguna „Jauðhildur“ í Gallerí Skugga, Hverfisgötu 39. Sýningin stendur til 3. ágúst. Gallerí Skuggi er opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl 13 til 18.

Þrjár sýningar eru í **Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu**. Þetta eru sýningar **Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár, Innsýn í alþjóðlega samtímalist á Íslandi og Erró Stríð**.

Sýningin „Í nótt sefur dagurinn“, hefur verið opnuð í **versluninni 12 tónum**. Þetta er þriðja einkasýning **Marý**. Flest eru verkin á sýningunni olíumálverk frá þessu ári, þar sem leikið er með hin ýmsu form.

Sýning á verkum **Kristjáns Davíðssonar** og **Pórs Vigfússonar** í **Listasafni Árnesinga**, Austurmörk 21 í Hveragerði. Sýningin stendur til 31. júlí.

Sumarsýning í **Listasafni Íslands** á úrvali verka í eigu safnsins.

Í **Gerðarsafni** í Kópavogi stendur yfir sýning á málverkum **Jóhannesar Kjarsvals** úr einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur.

Steinunn Marteinsdóttir er með sýningu á **Hulduhólum í Mosfellsbæ**. Þar sýnir hún málverk og verk úr leir.

Þórdís Þórðar sýnir vatnslita- og

tepokamyndir á **Kaffi Krús** á Selfossi.

Kristín Þórgrímsdóttir skrifari heldur sýningu á forntextaverkum sínum á **Kaffi Espresso** í Spönginni, Grafarvogi. Textarnir í verkunum á sýningunni eru afritaðir upp úr íslenskum fornritum og gerðir með stælingum á íslenskum stafa- og leturgerðum frá 12.-15. öld, svo og myndskreytingum úr fornum ritum.

Sumarsýning **Handverks og Hönnunar** stendur yfir í Aðalstræti 12. Til sýnis er bæði hefðbundinn listiðnaður og nútíma hönnun úr fjölbreyttu hráefni. Meðal þess sem sýnt er, eru munir úr tréi, roði, ull, hör, leir, selsskinni, hreindýraskinni, pappír, silfri og gleri frá 26 aðilum. Opið alla daga nema mánudaga og lýkur 31. ágúst.

Arnþór Hreinsson sýnir á **Kránni Laugavegi 73**. Hann sýnir þar olíumálverk. Arnþór útskrifaðist frá Myndlistar- og handíðaskólanum árið 1986.

Rósa Matt sýnir á **Kaffi Sólun**. Rósa er þekkt fyrir sína sérstöku mósaikspegla. Sýningin stendur til 25. júlí og er Sesselja Thorberg sýningarstjóri.

María Svandís er með sýningu á **Energía Bar** í Smáralind. Sýningin stendur til 1. ágúst.

Í **Þjóðarbókhöðunni** standa yfir þrjár sýningar. **Eins og í sögu** nefnist sýning á samspili texta og myndskreytinga í barnabókum 1910-2002. Þar er einnig sýning til minningar um **Lárus Sigurbjörnsson**, safnaföður Reykvíkinga. Loks er lítil sýning í forsal þjóðdeildar á **Heimskringlu og Snorra-Eddu**.

Sýning í anddyri **Norræna hússins** sem nefnist **Vestan við sól og norðan við mána**. Á sýningunni eru ljósmyndir eftir Ragnar Th. Sigurðsson með texta

eftir Ara Trausta Guðmundsson. Sýningunni lýkur 31. ágúst.

Lovísa Lóa Sigurðardóttir myndlistarmaður sýnir í **Rauða húsinu á Eyrbakka** 11 myndverk unnið í olíu og blandaðri tækni á striga. Sýningin stendur fram í ágúst.

Þrjár sýningar eru í **Safnasafninu – Alþjóðlistasafni Íslands, á Svalbarðsströnd, Eyjafirði**. Í Hornstofu eru sýnd málverk eftir Sigurð Einarsson í Hveragerði. Í garðinum er sýning á trjáköttum eftir Aðalheiði Eysteinsdóttur á Akureyri og nær ánni er samsýning 11 og 12 ára nemenda í Valsárskóla.

Katrín Elvarsdóttir sýnir á **Mokka**. Sýningin nefnist Lífsandinn en á henni má sjá 12 ný verk sem eru seinni hluti myndaraðarinnar Lífsanda.

Sýningin **Reykjavík í hers höndum í Íslenska stríðsárasafninu á Reyðarfirði** er sett upp af Borgarskjalasafni Reykjavíkur og Þór Whitehead sagnfræðingi í samvinnu við Íslenska stríðsárasafnið. Á sýningunni getur nú að líta mun meira af stríðsminjum en áður sem koma frá Íslenska stríðsárasafninu.

Sumarsýningu í bókasal **Þjóðmenningarhússins**, Íslendingasögur á erlendum málum, er ætlað að gefa innsýn í bókmenntaarfinn um leið og athygli er vakin á því að fjölmargar útgáfur Íslendingasagna eru til á erlendum málum.

Sýningin **Handritin** stendur yfir í **Þjóðmenningarhúsinu**. Sýningin er á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Einnig er þar sýning sem nefnist **Íslandsmynd í mótun – áfangar í kortagerð**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Kaffi ESPRESSO – Spönginni í Grafarvogi

Frábær staður fyrir alls kyns fundi og samkomur

Næstu vikur:
Íslensk kjötsúpa og flatbrauð með hangikjöti í tilefni af einstakri sýningu á forntextaverkum Kristínar Þórgrímsdóttur skrifara.

Úrvals kaffi frá Te & Kaffi, einstakar hnallþóror, ís frá Kjörís og léttar veitingar á góðu verði.

Vínveitingaleyfi Reyklaust alla daga til 13:30

Sunnudagar fjölskyldudagar með frábærum tilboðum

Opnunartímar:
mánudaga-fimmtudaga 11-23;
föstudaga 11-23:30;
laugardaga 12-23:30
og sunnudaga 13-18
Sími 587 1304



-réttur fyrir þig

Við erum komin í sumarskap!

Sumarið er komið og starfsfólk Snælandsvídeós er í sólskinsskapi og afgreiðir með bros á vör úrval gómsætra ísrétta.



Laugavegi 176/Opið alla daga frá kl.10-23.30

MENNINGARSTOFNANIR REYKJAVÍKURBORGAR

ARBÆJARSAFN REYKJAVÍKUR MÚSÍUM

Minjasafn Reykjavíkur
Árbæjarsafn - Vídey
www.arbaejarsafn.is
s: 577-1111

Árbæjarsafn:
Kanntu að slá með orfi og ljá?
Heyannir sunnudag
Ljúfengar veitingar í Dillonshúsi
Vídey:
Ganga þriðjudag kl. 19.30
Upplýsingar um leiðsögn í Vídey í síma 568 0535 og 693 1440